

Mál nr. 210/2016**M****og****vátryggingafélagið V vegna kaskótryggingar bifreiðar.****Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna bruna í bifreið 15. júní 2016.****Gögn.**

Málskot, móttækið 7.7.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 30.6(7).2016, ásamt lögregluskýrslum og vátryggingarskilmálum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að eldur hafi komið upp í bifreið M 15. júní 2016. Þegar lögregla kom á vettvang var mikill eldur og reykur í bifreiðinni og hún gjörónýt að innan. Vitni, nágranni í næsta húsi við M, lýsir atvikum þannig að hann hafi orðið var við eld í bifreið M og farið inn heima hjá sér og náð í handslökkvitæki til að slökkva eldinn. Þá hafi M komið öskrandi að og bannað honum að slökkva eldinn. Annar nágranni M hafði einnig orðið vör við reyk frá bifreið M og séð aðila með slökkvitæki sem M hafi meinað að nota til að slökkva eldinn.

M telur að réttur M til greiðslu bóta sé fyrir hendi úr kaskótryggingu bifreiðar hennar skv. gr. 4.1 í vátryggingarskilmálum. Um sé að ræða íkveikju af hálfu annars einstaklings og sé lögreglurannsókn í gangi til að upplýsa hver hafi átt í hlut. M kveðst hafa verið í uppnámi vegna atviksins og rekur það til langvarandi áreitis og annarra skemmdarverka af hálfu annars einstaklings og því brugðist þannig við á vettvangi að letja nágranna sinn til að slökkva eldinn. M bendir á að ef eigi að takmarka ábyrgð vátryggingafélagsins vegna háttsemi hennar, þá sé það alla vega ekki nema að hluta.

V telur í fyrsta lagi að þeirri háttsemi M, að hafa bannað nágranna sínum að slökkva eld í bifreið sinni með slökkvitæki, hafi hún valdið tjóninu og því falli réttur til bóta niður skv. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. gr. 6.1 í vátryggingarskilmálum. Einnig vísar V til þess að M hafi með ásetningi brotið gegn fyrirmælum 1. mgr. 28. gr. með því að koma ekki í veg fyrir eða takmarka tjón á bifreið sinni þegar eldur hafi verið kominn upp í henni. Með vísan til gr. 15.1 í vátryggingarskilmálum og 4. mgr. 28. gr. laga um vátryggingarsamninga verði því að fella ábyrgð V niður að fullu.

Álit.

Í gögnum málsins er háttsemi M lýst með vitnisburðum tveggja vitna, þ.e. er að M hafi komið í veg fyrir að reynt hafi verið að slökkva eld sem var laus í bifreið hennar með slökkvitæki. Sú háttsemi fer í bága við skýr fyrirmæli í gr. 15.1 í vátryggingarskilmálum, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga um vátryggingarsamninga. Þó M hafi verið í uppnámi verður ekki séð að það eitt dragi úr skyldum hennar til að gera ráðstafanir til að takmarka tjóni, sérstaklega í ljósi þess að það var auðvelt að leyfa þeim einstaklingi sem kom á vettvang með slökkvitæki að reyna að slökkva eldinn. Með þessari háttsemi sinni braut M með ásetningi gegn fyrrgreindum fyrirmælum. Með heimild í 4. mgr. 28. gr. laga um vátryggingarsamninga getur V því takmarkað ábyrgð sína í heild vegna tjónsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 6. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.